

# Skólaráð

fimmtudaginn 20. október kl. 14:30 í stofu 10

**Mættir:** Ásta Guðný Ragnarsdóttir (í stað Hildar Ágústsdóttur) fulltrúi foreldra, Þórhildur Inga Ólafsdóttir fulltrúi grendarsamfélagsins, Bryndís Knútsdóttir og Karen Ingimundardóttir fulltrúar kennara, Bára Kristín Þórisdóttir fulltrúi starfsfólks, Særún Lilja Eysteinsdóttir og Benedikt Natan Ástþórsson fulltrúar nemenda og Eva Björk Sveinsdóttir og Guðjón Árni Antoníusson fulltrúar stjórnenda.

## 1. Kynning á skólaráði

Allir kynntu sig og fór Eva yfir hvar allar upplýsingar um skólaráð væri að finna á heimasíðu skólans. Farið var yfir starfsáætlun og að allir geta sett mál á dagskrá og óskað eftir fundi ef þurfa þykir.

## 2. Afmæli Gerðaskóla

Eva ræddi aðdraganda afmælisins. Skipuð var nefnd í skólanum sem byrjaði að undirbúa í ágúst. Margir lánuðu hluti á sýninguna sem skólinn er mjög þakklátur fyrir. Allir sammála um að afmælið hafi tekist mjög vel. Nemendur ánægðir og upplifðu skemmtilegan dag. Þórhildur benti á það að skipulagið hefði mátt vera betra varðandi foreldra um morguninn. Foreldrar voru óöruggir með hverjum þeir áttu að fylgja. Umræða um opnun á laugardeginum líka. Mikið að skoða og margir náðu ekki að fara yfir það sem þeir hefðu viljað.

## 3. Utís online fyrirlestrar

Guðjón kynnti Utís online sem er haldið annað hvert ár og er netnámskeið fyrir kennara. Þetta eru fyrirlestrar um skólamál og einnig geta kennarar tekið þátt í umræðum. Það voru 22 sem tóku þátt frá Gerðaskóla og áttum við eitt erindi á námstefnunni. Þetta er góð endurmenntun þar sem farið er yfir nýjungar í skólamálum.

## 4. Foreldrafundur að hausti

Eva fór yfir fyrirkomulagið og hugsunina með foreldrafundum í september. Hugmyndin er að fá góðan fyrirlesara með málefni sem tengjast umræðum í

samfélaginu, að foreldrar hitti umsjónarkennara og fá kynningu á starfinu sem er framundan og síðast en ekki síst að foreldrar hittist. Þeir foreldrar sem voru mættir eru ánægðir með þessa fundi en segja að mæting mætti vera betri. Það skapaðist umræða um góða fyrirlesara og var bent á Önnu Steinsen frá KVAN og Kára og Andreu með fyrirlesturinn Fokk you sem væri hægt að fá t.d. næst.

## **5. Orðræða barna**

Guðjón fór yfir orðræðu barna út frá eineltismálum sem hafa verið í fjölmiðlum og Kastljósinu þar sem var talað um framkomu gagnvart samkynhneigðum. Allir kannast við umræðuna og eru sammála um að þetta sé ekki í lagi. Þó svo þetta séu ekki mál úr okkar skóla þarf að fræða nemendur. Það þarf að fara í góða vinnu við að uppræta niðrandi orðræðu gagnvart minnihlutahópum bæði í skóla og á heimilum. Fjölmiðlar voru ræddir. Það virðist vera sem börn horfi á myndbönd á samfélagsmiðlum eins og tiktok o.fl. sem sendi skilaboð um hatursorðræðu gagnvart minnihlutahópum. Foreldrar þurfa að fylgjast vel með netnotkun barna sinna.

## **6. Starfsáætlun 2022 – 2023**

Eva kynnti starfsáætlun fyrir skólaárið og var hún samþykkt. Starfsáætlun má finna á heimasíðu skólans.

## **7. Skólaþing í nóvember**

Eva ræddi að halda Skólaþing seinni partinn í nóvember. Hún lagði til að til umræðu væru skólareglur og skóli án aðgreiningar. Allir tóku vel í það og var ákveðið að vera með næsta skólaráðsfund um miðan nóvember og skólaráð tæki þátt í undirbúningi fyrir þingið.

## **8. Önnur mál**

Enginn önnur mál voru rædd.